

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 20/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Einari Draupni Hálfánarsyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var með stefnu 19. desember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Atvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr.laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru íslenskum skipum bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum. Ákvæði um heimildir íslenskra skipa til veiða með botnvörpu og flötvörpu á tilteknum veiðisvæðum og veiðitímum eru í 3. gr. laganna, „enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum“. Í 5. gr. þeirra segir: „Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.“ Þá segir í 12. gr.: „Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksstöskvastærðir netja og um lágmarksstöærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. ...“ Um refsingar er mælt í 17. og 18. gr. laganna. Í 17. gr. er meðal annars kveðið á um viðurlög við brotum gegn 2. gr. og 5. gr., en í 18. gr. um viðurlög við brotum gegn 12. gr. laganna.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu, er sett sú meginregla, að lágmarksstöærð möskva í að

minnsta kosti átta öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skuli vera 155 millimetrar, en í öðrum hlutum þeirra 135 millimetrar. Undantekning er gerð í 2. gr. og skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilað að nota eingöngu riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm á svæðum sem þar eru tilgreind. Samkvæmt 10. gr. varða brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976. Þá segir þar að um upptöku afla fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla. Í 11. gr. segir loks að reglugerð þessi sé sett meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976 og 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., lið a, og 10. gr. reglugerðar nr. 125/1979, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. laga nr. 81/1976 og til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. sömu laga, upptöku á veiðarfærum og afla. Af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að vísun til 7. gr. laga nr. 81/1976 ætti ekki við í máli þessu.

Verjandi ákærða telur lagatilvísanir í ákæru rangar og varði brot ákærða við 12. gr. laga nr. 81/1976 og refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra. Ákæruvaldið andmælir þessum skilningi. Fyrir Hæstarétti var málið reifað um þennan ágreining, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærði var að botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á hafsvæði þar sem botnvörpuveiðar eru heimilar samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1976 og hefur því ekki brotið gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara. Við veiðarnar notaði ákærði botnvörpu með minni möskvum en mælt er um í 1. gr. reglugerðar nr. 125/1979. Undanþágu-ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til veiða á því svæði þar sem hann var að veiðum. Hann hefur því brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og unnið til refsingar samkvæmt því.

Við gildistöku reglugerðar nr. 125/1979 féll úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 327/1978. Í þeirri reglugerð var meðal annars tekið fram að hún væri sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81/1976 og brot

gegn henni vörðuðu refsingu samkvæmt 18. gr. þeirra laga. Á undan þessari reglugerð gildi um sama efni reglugerð nr. 290/1976 og var eins að þessu leyti. Áður höfðu reglugerðir um þetta efni verið settar samkvæmt tilsvarendi ákvæðum eldri laga. Við setningu reglugerðar nr. 125/1979 var hins vegar ekki vísað í tiltekna grein laga nr. 81/1976, en þess í stað vísað til þeirra í heild. Ekki verður það túlkað svo að í því felist nýr skilningur á lagagrundvelli reglugerðarinnar eða að eldri reglugerðir sama efnis hafi ekki haft næga lagastöð. Verður að hafna þeirri lögskýringu ákærvaldsins að 2. gr. reglugerðar þessarar geti ekki átt stoð í 12. gr. laga nr. 81/1976, en styðjist við 2. gr., 3. gr. og 5. gr. þeirra. Á sama hátt ber að hafna þeirri lögskýringu að brot gegn reglugerð þessari varði við 17. gr. laga nr. 81/1976, og verður ekki á það fallist að ráðherra geti með reglugerðarbreytingu af þessu tagi fært brot til þyngri refsí-ákvæða en lög gera ráð fyrir.

Samkvæmt þessu ber að ákveða ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngiltu 100 gullkrónur 3.119,32 krónum 6. mars síðastliðinn er mál þetta var dómtekið. Eins og mál þetta er vaxið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, 380.000,00 krónur, er skal samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976 renna í Landhelgissjóð Íslands. Rétt þykir að fimm mánaða varðhald komi í stað sektar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Í framangreindu ákvæði 18. gr. segir að um upptöku afla fari samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, eftir því sem við á. Í 2. gr. þeirra laga segir að ólöglegur sjávarafli skuli gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð sem þar er lýst. Ákvæði greinarinnar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla. Skilja verður tilvísun 18. gr. laga nr. 81/1976 svo að unnt sé að leggja kröfu um upptöku ólöglegs sjávarafla beint fyrir dómstóla. Í máli þessu liggur fyrir mat dómkvaddra manna á verðmæti þess afla sem var um borð í bv. Sveini Jónssyni, KE 9. Samkvæmt því þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um upptöku þessa afla, en andvirði hans skal renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Í 18. gr. laga nr. 81/1976 felst ekki heimild til upptöku veiðar-

færa nema við ítrekað brot og ber að hnekkja niðurstöðu héraðs-dóms að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra. Þá ber að dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins að $\frac{3}{4}$ hlutum eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti skal sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Draupnir Hálfánarson, greiði 380.000,00 krónur í sekt til Landhelgisjós Íslands og komi varðhald fimm mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli bv. Sveins Jónssonar, KE 9, skal upptækur og andvirði hans renna í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra er hrundið.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að undanskildum kostnaði við mat veiðarfæra.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins að $\frac{3}{4}$ hlutum, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 24. nóvember 1988.

Ár 1988, fimmtudag 24. nóvember, var á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem haldið var í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1 á Ísafirði af Katrínu Hilmarsdóttur, fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 728/1988: Ákærvaldið gegn Einar Draupni Hálfánarsyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta, sem þingfest var 23. nóvember 1988 og dómtekið í dag, höfðaði ríkissaksóknari með ákæru, dags. 23. nóvember 1988, fyrir sakadómi Ísafjarðar ... „á hendur Einari Draupni Hálfánarsyni, Melbæ 35, Reykjavík, fæddum 11. apríl 1946 í Bolungarvík, skipstjóra á skuttogaranum Sveini Jónssyni, KE 9, skipaskrárnúmer 1342, sem er 298 brúttórúmllestir og 46.53 lengdarmetrar, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi þriðjudaginn 22. nóvember 1988 verið á botnvörpuveiðum á skipinu með botnvörðu leyfðri til karfaveiða, þ.e. steinavörpu með tveimur pokum

og 135 mm lágmarksmöskva, í djúpkanti út af Barðagrunni, en á svæði innan fiskveiðilandhelginnar þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru ekki leyfðar.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, og 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., lið a, og 10. gr. reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. og 7. gr. nefndra laga nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. sömu laga, upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Málavextir eru þeir samkvæmt fram lagðri skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni að þriðjudaginn 22. nóvember 1988 um kl. 13.35, er varðskipið var að mælingastörfum í djúpkantinum út af Barðagrunni, kom það að bv. Sveini Jónssyni, KE 9, með veiðarfæri í sjó. Var þá lesin af lórantækjum varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun við hlið KE 9: 66°21'2 N og 25°43'3 V. Þessi staðarákvörðun gaf KE 9 stað um 8,5 sjómílur innan karfalínunnar. Var KE 9 sagt að hífa veiðarfæri sín úr sjó og taka á móti mælingamönnum varðskipsins.

Um kl. 13.38 fóru yfirstýrimaður og 1. stýrimaður ásamt þremur hásetum um borð í KE 9. Um kl. 13.50 kallaði yfirstýrimaður yfir til varðskipsins og sagði að skipstjóri KE 9 hefði viðurkennt að vera að veiðum með karfapoka, það er poka með lágmarksmöskvastærð 135 mm. Kl. 13.52 las hann eftirfarandi staðarákvörðun af lórantækjum nr. 1 og 2 um borð í KE 9: 46198,3 - 64714,4.

Kl. 13.54 var lesin af lórantækjum varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun í kjölvatni KE 9: 66°21'2 N og 25°44'1 V, dýpi 396 m (46198,7-62714,5). Gaf þessi staðarákvörðun togaranum stað um 8,7 sjómílur innan karfalínunnar.

Við mælingar á vörpu togarans, sem reyndist vera steinvarpa, það er varpa með tveimur pokum, kom í ljós að meðaltalsmöskvastærð hvors poka um sig var um 139,08 mm og 138,06 mm. Meðaltalsmöskvastærð beggja pokanna reyndist vera 138,93 mm, en innan karfalínunnar er lágmarksmöskvastærð samkvæmt reglugerð 155 mm.

Kl. 15.22 var mælingu á veiðarfærum og afla svo og skoðun á búnaði lokið og var skipstjóra KE 9 sagt að halda til Ísafjarðar þar sem mál hans yrði rannsakað frekar.

Kl. 15.36 héldu skipin af stað áleiðis til Ísafjarðar og var þá lesin af lórantækjum varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun: 66°22'2 N og 25°44'8 V. Gaf þessi staðarákvörðun stað skipanna um 9,2 sjómílu innan karfalínunnar.

Mælingar á veiðarfærum KE 9 voru gerðar með UTZON-kraftmæli sem gefinn er út fyrir 5 kg átak og löggiltur af Löggildingarstofu ríkisins.

Aflestur staðarákvarðana var gerður á Internav og J.R.C.-lórantæki varðskipsins og bar þeim saman.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson, skipherra á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm 23. nóvember 1988 og staðfesti framangreinda skýrslu sína að öðru leyti en því að hann kvað staðsetningar KE 9 innan karfalínunnar hafa víxlást í skýrslu sinni. Kvað hann staðarákvörðun, sem framkvæmd var kl. 13.55, gefa KE 9 stað um 8,7 sjómílu innan karfalínunnar, en ekki um 8,5 sjómílu innan hennar, og staðarákvörðun, sem framkvæmd var kl. 13.54 gefa KE 9 stað um 8,5 sjómílu innan karfalínunnar, en ekki 8,7 sjómílu innan hennar eins og segir í skýrslu hans.

Vitnið kvaðst sjálfst hafa staðið að gerð staðarákvarðana ásamt Friðriki Friðrikssyni, 2. stýrimanni. Friðrik hafi þó staðið einn að útreikningum síðustu staðarákvörðunar.

Vitnið Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm 23. nóvember 1988. Kvaðst vitnið hafa átt þátt í gerð skýrslu skipherrans og kvað efni hennar vera rétt utan þess að staðsetningar KE 9 innan karfalínunnar hefðu víxlást, og skýrði frá þeirri misritun á sama hátt og skipherrann fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa unnið ásamt öðrum skipverjum varðskipsins að mælingum á möskvastærð vörpunnar og hafi þeir notað UTZON-kraftmæli við þær mælingar. Þeir hafi reynt að stinga þorspokaspjaldi í möskva vörpunnar, en það hafi ekki gengið í gegn.

Vitnið lýsti framkvæmd mælinga á möskvastærð á þann hátt að fyrst hefðu verið mældir möskvar í efra byrði pokanna, þ.e. 30 möskvar úr hvorum poka. Síðan hefði verið mælt í neðra byrði pokanna, þ.e. 20 möskvar úr hvorum poka, og auk þess 20 möskvar í efra byrði stjórnborðs-poka. Kvað vitnið um svokallað steinatroll að ræða, en á þeim sé tvískiptur poki sem saumaður sé við belg vörpunnar.

Vitnið kvað að þegar varðskipsmenn komu um borð í bv. Svein Jónsson, KE 9, hafi skipstjóri hans tilkynnt varðskipsmönnum að fyrra bragði að hann væri á veiðum með karfapoka og hafi þá mælingar á möskvastærð pokanna ekki verið hafnar.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóm sama dag. Bar vitnið að það hefði átt þátt í gerð skýrslu skipherrans og kvað það efni hennar vera rétt. Þá kvaðst vitnið hafa unnið

að mælingum á möskvastærð trollpokans og staðfesti skýrslu um þær mælingar sem rétta.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Friðrik Hermann Friðriksson 2. stýrimaður á varðskipinu. Bar vitnið að það hefði staðið að útreikningum staðarákvarðana og staðfesti þá útreikninga sem rétta, en kvað áðurgreindar staðsetningar KE 9 innan karfalínunnar hafa vixlast og bar um það atriði á sama hátt og aðrir yfirmenn varðskipsins hér fyrir dómi.

Ákærði kom fyrir dóminn sama dag. Aðspurður kvaðst hann hafa verið á togveiðum um kl. 13.35 í kantinum austur af Víkurál á um 230 - 240 faðma dýpi. Kvaðst hann hafa verið að draga trollið úr sjó er varðskipsmenn bar að og komu síðan um borð í togarann.

Ákærða voru kynntar staðarákvarðanir sem varðskipsmenn framkvæmdu er þeir fóru um borð í togarann og kvað ákærði þær vera réttar. Kvað hann engan ágreining hafa verið um staðsetningu togarans umrætt sinn og hafi hann og varðskipsmenn verið sammála um staðarákvörðun. Ákærða var sýnt sjókort sem staðsetningar togarans voru færðar inn á og kvað hann þær vera réttar. Ákærði viðurkenndi að hann hefði verið að veiðum um 8,5 - 8,7 sjómílur innan karfalínunnar.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið á veiðum með karfapoka og kvaðst hafa verið viðstaddur mælingar varðskipsmanna á pokunum. Kvað hann annan pokann vera nýjan, þ.e. um hálfsmánaðargamlan, en hinn mun eldri.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki sjá ástæðu til að rengja mælingar varðskipsmanna á möskvum pokanna.

Ákærði kvaðst vilja taka fram að hann hefði ekki verið að veiðum á smáfiskaslóð og kvað fiskinn vera stóran og benti því til staðfestingar á aflskýrslu sem hann lagði fram.

Ákærði kom aftur fyrir dóm í dag og var honum þá birt framangreind ákæra. Viðurkenndi hann að hafa verið að veiðum með karfapoka þriðjudaginn 22. nóvember 1988 í djúpanti úti af Barðagrunni innan fiskveiðilandhelgi Íslands þar sem veiðar með slíka botnvörpu eru óheimilar, og viðurkenndi að hafa verið um 8,5 - 8,7 sjómílur innan karfalínu.

Ákærða var kynntur framburður varðskipsmanna hér fyrir dómi svo og fram lögð skjöl málsins, en hann kvaðst engar athugasemdir hafa fram að færa.

Með framangreindri skýrslu skipherrans fylgdi sjókort sem markaðar eru inn á staðsetningar bv. Sveins Jónssonar, KE 9, og enn fremur dregin upp lína af karfaveiðisvæðinu.

Enn fremur fylgdi með skýrsla um mælingar á möskvastærð beggja poka botnvörpunnar. Samkvæmt þeirri skýrslu voru mældir 60 möskvar í hvorum poka vörpunnar, samtals 120 möskvar. Meðaltalsmöskvastærð í öðrum pokanum reyndist vera 139,08 mm og í hinum um 138,93 mm.

Skýrsla varðskipsmanna sýnir að af 120 mældum möskvum reyndist möskvastærðin liggja á bilinu frá 128 mm upp í 154 mm, en tveir þriðju hlutar þeirra reyndust vera 140 mm eða minni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa verið að veiðum á bv. Sveini Jónssyni, KE 9, með botnvörpu, sem ætluð er til karfaveiða, í djúpkanti úti af Barðagrundi þriðjudaginn 22. nóvember 1988 er varðskipið Ódinn hafði afskipti af togaranum og er sú játning í samræmi við framburð varðskipsmanna sem framkvæmdu mælingar á pokum botnvörpunnar, svo og skýrslu varðskipsmanna, sem lögð var fram í málinu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans var togarinn á veiðum í djúpkanti úti af Barðagrundi er varðskipið bar að og var þá lesin af lórantækjum varðskipsins við hlið bv. Sveins Jónssonar, KE 9, staðarákvörðun 66°21'2 N 25°43'5 V, og skömmu síðar var framkvæmd önnur staðarákvörðun í kjölvatni togarans og sýndi hún staðarákvörðunina 66°21,2 N og 25°44'1 V. Ákærði hefur fyrir dómi borið að þessir útreikningar á staðarákvörðun séu réttir og jafnframt viðurkennt að þessi staðarákvörðun sýni að togarinn var staddur um 8,5 - 8,7 sjómílu innan karfaveiðisvæðisins.

Með því að ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að veiðum umrætt sinn með botnvörpu, sem skal hafa lágmarksmöskvastærð 135 mm og ætluð er til karfaveiða á þeim svæðum sem getið er um í 2. gr., tölulið a., í reglugerð nr. 125/1979, og sú játning er í samræmi við annað það, sem fram hefur komið í málinu, þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um fiskveiðibrot þar sem veiðar með slíkri botnvörpu eru ekki heimilar á þeim stað sem ákærði var að veiðum umrætt sinn. Á þeim stað eru einungis heimilar togveiðar með botnvörpu og flotvörpu sem hafa lágmarksmöskvastærð 155 mm í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar.

Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, og 1. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., tölul. a., og 10. gr. reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 5. og 7. gr. áðurgreindra laga, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

„Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingu sem hér segir: 1984, 10/9, í Reykjavík. Sátt: 800. kr. sekt fyrir brot gegn 8. gr. reglugerðar nr. 185/1966, sbr. 65. gr. umferðarlaga.“

Ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 17. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þar

sem bv. Sveinn Jónsson, KE 9, er 46,53 lengdarmetrar og 298 brúttórúmllestir.

Í vottorði Seðlabanka Íslands segir að samkvæmt gullgildi 23. nóvember 1988 jafngildi 100 gullkrónur 2.818,10 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt til Landhelgissjóðs Íslands, 450.000,00 krónur, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í sex mánuði.

Þá ber samkvæmt 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 81/1976 að gera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands veiðarfæri bv. Sveins Jónssonar, KE 9, þar með talda alla dragstrengi, svo og allan afla innan borðs.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kvað upp Katrín Hilmarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Draupnir Hálfánarson, greiði sekt, 450.000,00 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, ella sæti hann varðhaldi í sex mánuði.

Afli og veiðarfæri bv. Sveins Jónssonar, KE 9, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför aí lögum.